

## Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla 28. apríl 2014 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, María Ásmundsdóttir og Páll Janus Þórðarson kennarar, Drífa Harðardóttir, Margrét Stefánsdóttir og Þorvar Hafsteinsson fulltrúar foreldra, Oddný Magnúsdóttir fulltrúi nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

**1. Skólaárið 2014 – 2015:** Úthlutun tímamagns fyrir næsta skólaár er komin. Nokkrir árgangar ná ekki alveg úthlutun fyrir þrjú stöðugildi kennara en ákvörðun skólans um að hafa þrjá bekki samt sem áður í stað fjölmennra bekkja.

1. bekkur	69 nemendur	4 bekkjardeildir
2. bekkur	62 nemendur	3 bekkjardeildir
3. bekkur	63 nemendur	3 bekkjardeildir
4. bekkir	59 nemendur	3 bekkjardeildir
5. bekkir	62 nemendur	3 bekkjardeildir
6. bekkir	59 nemendur	3 bekkjardeildir
7. bekkir	34 nemendur	2 bekkjardeildir
8. bekkir	40 nemendur	2 bekkjardeildir
9. bekkir	47 nemendur	2 bekkjardeildir
10. bekkir	44 nemendur	2 bekkjardeildir

Almennur kennslukvóti er 982 stundir, sérkennsla 119 stundir nýbúakennsla 5 stundir og viðbótarúthluturn líklega 145 stundir, en það skýrist ekki fyrir en úthlutun kemur frá Menntasviði Kópavogsbæjar.

Vatnsendaskóli fór fram úr úthlutun nú í vetur þar sem tekin var ákvörðun um að ráða inn viðbótarstuðningsfulltrúa vegna þungra greininga yngri nemenda.

Niðurskurður á fjármagni til skólans hefur mest verið í þrífum og gæslu og nú þarf að taka á umgengni í skólanum og þá helst hjá unglingadeild þar sem umgengni hefur ekki verið nógu góð.

**2. Starfsmannamál:** Eru í góðu horfi. Nokkrar kennarar hafa enn ekki svarað hvort þeir ætli að vera áfram næsta vetur en þeir hafa frest til 1. maí til þess að ákveða sig samkvæmt kjarasamningum. Auglýst verður eftir kennurum þegar þetta liggur ljóst fyrir.

**3. Vorverk:** Verið er að skoða nýtingu skólahúsnæðis fyrir næsta vetur. Enn á eftir að finna öllum bekkjum stað en verið er að leysa úr því.

Árshátíð miðstigs hefur enn ekki verið haldin. Ekki gott að hafa hana svona seint að vori og best væri að hafa hana stuttu eftir árshátíð unglingastigsins svo hægt væri að nýta skreytingar. Athuga að setja árshátíð miðstigs inn á skóladagatal næsta vetrar.

**4. Önnur mál:**

- Bréf barst frá öryggisnefnd skólans varðandi inngang í kjallara skólabyggingarinnar. Óskað er eftir að skólaráð sendi bréf til bæjaryfirvalda þar

sem óskað verði eftir breytingum á inngangi, byggð verði forstofa með rennihurðum. Skólaráð mun senda ályktun.

- Vorhátíð á vegum foreldrafélags verður haldin á skólaslitadegi eins og verið hefur. Rætt var um að hefja skemmtun fyrr að deginum.

Fundi slitið kl. 9:30